



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2006

**Kvörtun Múrbúðarinnar ehf. og Gólflagna ehf. yfir notkun Steypustöðvarinnar ehf. á orðunum múrbúð og gólflagnir**

**I.**

**Erindið og málavextir**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 11. júní 2004, frá Einari Sigurjónssyni hdl. f.h. Múrbúðarinnar ehf. og Gólflagna ehf. Í erindinu er kvartað yfir notkun Steypustöðvarinnar á orðunum múrbúð og gólflagnir, í tengslum við og í kynningum á starfsemi þeirra. Telur kvartandi háttsemina varða 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, nú 12. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005. Múrbúðin og Gólflagnir séu skráð firmanöfn í fyrirtækjaskrá. Kvartandi kveðst vera með umsókn um skráningu á vörumerkinu Múrbúðin f.h. Múrbúðarinnar og gólflagnir sé skráð vörumerki í eigu Gólflagna.

Í erindinu segir að Múrbúðin hafi rekið verslun undir sama heiti að Smiðjuvegi 72, Kópavogi í tæp 3 ár og fyrir liggja umsókn um skráningu á merki búðarinnar hjá Einkaleyfastofu. Fyrir stuttu hafi Steypustöðin hafið rekstur á Múrbúð Steypustöðvarinnar og kynnt starfsemina á boðsmiða vegna opunar verslunarinnar undir fyrirsögninni „Opnun Múrbúðarinnar að Malarhöfða 10“. Stóru auglýsingarskilti hafi verið komið fyrir við Malarhöfða þar sem orðið Múrbúð sé ritað með ör fyrir neðan sem vísi til verslunarinnar. Verslunin sjálf sé merkt Múrbúð og öll önnur ytri ummerki bendi til þess að Múrbúð sé opinbert heiti á rekstrinum.

Fram kemur að kvartandi hafi sent forsvarsmönnum Steypustöðvarinnar bréf þar sem fram hafi komið að Múrbúðin sé skráð einkahlutafélag sem hafi um langt skeið notað þetta heiti undir verslunarstarfsemi með múr og málningarvörur. Þá sé vörumerkið Múrbúðin skráð vörumerki í eigu Múrbúðarinnar. Talsverðu fjármagni hafi verið varið í markaðssetningu undir merki Múrbúðarinnar. Notkun Steypustöðvarinnar á sama heiti sé villandi fyrir viðskiptavinum Múrbúðarinnar og geti valdið verulegu fjárhagstjóni. Farið hafi verið fram á það við Steypustöðina að látið yrði af notkun heitisins Múrbúðin eða Múrbúð Steypustöðvarinnar í tengslum við umræddan rekstur.

Í svari Steypustöðvarinnar til kvartanda hafi Steypustöðin neitað að láta af notkun orðsins. Í svarinu hafi komið fram að einungis væri verið að tilgreina hvers konar vörur og þjónusta séu í boði í versluninni. Ruglingshætta sé ekki til staðar þar sem



Steypustöðin noti orðið múrbúð án greinis og í samsettu orðasambandi, Múrbúð Steypustöðvarinnar Malarhöfða 10. Orðið múrbúð sé almennt orð og þar af leiðandi sé ekki hægt að meina öðrum notkun orðsins. Það sé alls ekki tilætlan Steypustöðvarinnar að veða að vörumerkjarétti kvartanda enda hafi það komið skýrt fram þar sem verslunin sé ávallt nefnd Múrbúð Steypustöðvarinnar án greinis.

Kvartandi svarar þessu á þá leið að orðið múrbúð sé ekki að finna í orðabók og geti því ekki talist almennt orð. Slíkt hafi verið notað sem röksemd í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/2003, *Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Fengs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni*. Hafi ætlunin verið að finna viðeigandi heiti sem lýsti starfsemi verslunarinnar hefði múrvöruverslun allt eins getað orðið fyrir valinu.

Kvartandi bendir á úrskurð samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 25/2003, *kvörtun bílasöluvinnar Bíll.is ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is*. Þar hafi komið fram útlitun á þeirri almennu málfræðipækkingu að greinir nafnorða sé einungis til áherslu til að tákna að átt sé við einhvern eða eitthvað sem nefnt hefur verið áður og í því felist ekki nægjanlegur sérgreiningarmunur. Kvartandi telur að um verulega ruglingshættu sé að ræða þegar keppinautar séu með nánast sömu nöfn og það sé auðvelt fyrir neytandann að ruglast á fyrirtækjum. Kvartandi bendir á að í fyrirnefndri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/2003, *Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Fengs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni*, hafi verið nægilegt að sýna fram á að ruglingshætta væri til staðar.

Að lokum segir í erindinu að ástæða þess að leitað er til Samkeppnisstofnunar sé sú að Steypustöðin hafi ekki sýnt neina viðleitni til að virða rétt kvartanda. Skýrasta dæmið sé að á bls. 240 í símaskrá 2004 noti Steypustöðin orðið gólflagnir í tengslum við starfsemi sína. Gólflagnir sé skrásett vörumerki í eigu kvartanda og beri Steypustöðinni að virða þann rétt. Hafi engar bréfaskriftir farið fram í tilefni þessa tilviks. Kvartanirnar séu lagðar fram saman enda lúti þær sömu rökum og varði sömu aðila.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Múrbúðarinnar og Gólflagna var sent Steypustöðinni til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 15. júní 2004. Í bréfinu var þess getið að það væri mat stofnunarinnar að ákvæði 20. gr. samkeppnislaga, nú 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti, kæmi jafnframt til álita í málinu.



Í svari Ólafs Kristinssonar hdl. f.h. Steypustöðvarinnar, dags. 3. júlí 2004, kemur fram að heitið Múrbúð sé notað í daglegu tali fyrir þá deild Steypustöðvarinnar sem selji múrvörur. Ekki sé um sjálfstæða rekstrareiningu að ræða. Opinbert heiti deildarinnar sé Múrverslun Steypustöðvarinnar, sjáist það bæði á heimasíðu fyrirtækisins og í símaskrá 2004 bls. 689. Múrbúð sé stytting á heitinu Múrverslun. Múrbúð Steypustöðvarinnar ehf. verði að teljast almennt heiti er lýsi þeirri starfsemi sem um sé að ræða með sambærilegum hætti eins og þegar um forskeytið tiskuvöruverslun eða húsgagnaverslun væri að ræða. Steypustöðin hafi til að mynda ekki agnúast út í það að helsti keppinautur Steypustöðvarinnar B.M. Vallá ehf. noti heitið Steypustöð B.M. Vallá í símaskrá.

Hafnað sé að úrskurður samkeppnisráðs nr. 37/2003, *Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Fengs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni*, eigi við þar sem eignamiðlun sé ekki eins almennt orð og múrvöruverslun eða múrbúð án greinis. Orðin múr og búð séu bæði að finna í íslenskri orðabók. Samkvæmt íslenskri orðabók sé orðið búð samheiti yfir verslunarfyrirtæki. Með orðinu múrbúð sé því átt við verslunarfyrirtæki sem verslar með múrvörur. Sé því einungis verið að vísa til þess hvers konar starfsemi fari þarna fram.

Fram kemur að Steypustöðin telji að kvartandi verði að gera sér grein fyrir því að eðli samkeppni sé á jafnréttisgrundvelli og bjóða annaðhvort betri þjónustu, verð eða gæði en ekki að agnúast út í notkun almennra heita sem ekki geti verið grundvöllur sérauðkenna samkvæmt íslenskri málvitund. Gólfagnir sé almennt orð sem notað sé til að auðkenna þá deild Steypustöðvarinnar sem sjái um að selja og þjónusta aðila í tengslum við gólflagnir. Notkun Steypustöðvarinnar á orðinu sé í fullkomnu samræmi við lög um vörumerki. Þar sem kvartandi velji sér svo almenn orð sem auðkenni verði hann að þola notkun annarra á þeim. Gólflagnir Steypustöðvarinnar í samsettri orðaröð sé nægilega aðgreint frá Gólfögnum og því ekki um ruglingshættu að ræða. Hér sé um skráningu í undirkafla símaskrárinnar undir Gólfefnaverslanir að ræða. Samkeppnisstaða keppinauta á markaði væri verulega skert ef einungis einum aðila væri leyft að auglýsa vörur sínar og þjónustu.

Að lokum er þess getið að eigi verði séð að notkun Steypustöðvarinnar á orðunum múrbúð og gólflagnir brjóti í bága við ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti né brjóti á vörumerkjarétti kvartanda. Að öðru leyti er vísað til bréfs Steypustöðvarinnar dags. 24. maí 2004.

## 2.

Bréf Steypustöðvarinnar var sent lögmanni Múrbúðarinnar og Gólflagna með bréfi Samkeppnisstofnunar dags. 9. júlí 2004. Athugasemdir lögmannsins eru dags. 19. júlí 2004.



Í athugasemdunum kemur fram að ekki dugi að vísa í innra skipulag fyrirtækisins auk upplýsinga á Netinu um það að verslunin nefnist Múrvöruverslun. Innra skipulag Steypustöðvarinnar komi kvartanda og neytendum ekkert við. Það sé ábyrgðarfirring að nýta sér markaðssetningu og orðspor annars fyrirtækis með heimildarlausri notkun á nafni þess og réttlæta það með því að vísa til upplýsinga á Netinu. Þá séu það merkingarlaus rök að Steypustöðin hafi ekki gert athugasemd við notkun BM Vallá á orðinu steypustöð. Ef telja eigi samsetta orðið múrbúð almennt heiti vegna þess að orðin séu bæði að finna í orðabók þá sé hægt að rökstyðja það að hagkaup, húsasmiðjan og húsgagnahöllin séu almenn orð sem aðrir keppnautar megi nota.

Ítrekað sé það sem áður hefur komið fram að orðið gólflagnir sé skrásett vörumerki í eigu Gólflagna og slík skráning tryggi fyrirtækinu ákveðinn rétt á notkun þess. Hvorki hugleiðingar um það að orðið sé almenns eðlis né langsóttar röksemdir um að önnur fyrirtæki noti orðið gólfefni breyti engu þar um. Þá eru fyrri röksemdir ítrekaðar.

### 3.

Bréf Múrbúðarinnar og Gólflagna var sent Steypustöðinni til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 21. júlí 2004. Athugasemdir lögmannsins eru dags. 27. júlí 2004.

Þar er mótmælt að verið sé að nýta markaðssetningu og orðspor annars fyrirtækis. Opinbert heiti verslunarinnar sé Múrvöruverslun Steypustöðvarinnar og sé umrædd verslunareining markaðssett undir því nafni. Ekki sé verið að firra sig ábyrgð með því að vísa í heimasíðuna heldur sé verið að rökstyðja það að verslunin sé markaðssett sem Múrvöruverslun Steypustöðvarinnar. Það sé einungis í daglegu tali m.a. milli stjórnenda sem verslunin sé kölluð múrbúð.

Það séu ekki merkingarlaus rök að benda á að þegar um almennt heiti sé að ræða, sé ekki unnt að meina öðrum að nota hið almenna heiti utan um starfsemi sína þar sem almenna heitið lýsi starfseminni eins og gert var með dæminu um Steypustöðina BM Vallá.

Þá eru gerðar athugasemdir við dæmi kvartanda. Orð eins og Húsasmiðjan og Húsgagnahöllin með viðbættum greini séu orðin sérheiti sem njóti verndar en orðin húsasmiðja og húsgagnahöll njóti ekki verndar þar sem þá sé um almenn heiti að ræða.

Bent er á að Gólflagnir sé nafn á lögaðila en sé ekki skrásett vörumerki í skilningi laga um vörumerki og einkaleyfi. Gólflagnir sé almennt heiti og vísað er til fyrri umfjöllunar um almenn heiti. Að öðru leiti er vísað til fyrri sjónarmiða og raka sem komið hafa fram við rekstur málsins



#### 4.

Með bréfi, dags. 7. september 2004, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið.

Með bréfum til málsaðila, dags. 5. janúar og 13. maí 2005, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

Með bréfi stofnunarinnar, dags. 30. júní 2005, til málsaðila var tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sama dag falli úr gildi. Tilkynnt var að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og málið flyttist til þeirrar stofnunar og fengi afgreiðslu þar.

Með bréfi dags. 31. október 2005 sendi Neytendastofa bréf til málsaðila þar sem leitað var eftir því hvort enn væru óskir um að fá úrskurð í málinu þar sem tafir á afgreiðslu voru orðnar verulegar.

Með bréfi til Neytendastofu dags. 2. nóvember 2005 kemur kvartandi því á framfæri að hann óski eindregið eftir því að fá úrskurð í málinu. Steypustöðin láti ekki af háttsemi sinni sem kvartað var undan og það hafi verið orðið vart við mikinn rugling.

Steypustöðin og Merkúr sameinuðust árið 2005 í félag sem nú heitir Mest.

### III.

#### Niðurstaða

Í máli þessu kvarta Múrbúðin og Gólflagnir yfir notkun Mest á orðunum múrbúð og gólflagnir í tengslum við og við kynningu á starfsemi sinni. Múrbúðin hefur rekið verslun undir sama heiti frá árinu 2001 og Gólflagnir hefur starfað í 18 ár, fyrirtækin eru í eigu sömu aðila. Múrbúðin og Gólflagnir eru bæði skráð firmanöfn í fyrirtækjaskrá auk þess sem þau hafa fengið skráð orð- og myndmerki sitt í Vörumerkjaskrá.

Kvartandi kveðst hafa orðið þess var þegar Steypustöðin opnaði verslun sem selur múrvörur að verslunin hafi verið kynnt sem Múrbúð Steypustöðvarinnar og margt bent í þá átt að múrbúð væri opinbert heiti á rekstrinum. Þá hafi kvartandi einnig orðið þess var að Steypustöðin auðkenndi þá deild er sér um gólfefni sem Gólflagnir Steypustöðvarinnar í símaskrá 2004. Telur kvartandi þessa háttsemi Steypustöðvarinnar varða 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.



Mest telur notkun sína á orðunum múrbúð og gólflagnir ekki ganga gegn ákvæðum laga. Með notkun orðanna múrbúð og gólflagnir í tengslum við ákveðnar rekstrareiningar innan Mest sé einungis verið að vísa til þess hvers konar starfsemi fari þar fram. Það sé misskilningur að múrbúð sé opinbert heiti á verslun þeirri er selji múrvörur.

Í erindinu er vísað til 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti og fram hefur komið að 5. gr. kemur einnig til álita.

Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarkerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“*

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.



Kvörtun Múrbúðarinnar og Gólflagna snýr að notkun Mest á orðunum múrbúð og gólflagnir. Fram hefur komið að Múrbúðin og Gólflagnir hafa fengið skráð orð- og myndmerki sín hjá Einkaleyfastofu. Slík skráning felur í sér einkarétt á merkjunum í heild og þeirri útfærslu sem þar er skráð í Vörumerkjaskrá. Skráning veitir þannig ekki einkarétt til notkunar einstakra hluta merkisins, s.s. orðanna múrbúð og gólflagnir einu og sér.

Kvartandi vísar í erindinu til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 37/2003, *Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Fengs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni*. Sú ákvörðun á ekki við í þessu máli þar sem ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 36/2003, *Kvörtun Eignamiðlunarinnar ehf. yfir notkun Garðatorgs eignamiðlunar ehf. á orðinu eignamiðlun í firmanafni*, sem lýtur sömu málavöxtum og sömu rökum og ákvörðun nr. 37/2003, var kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og niðurstöðunni snúið við. Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndarinnar var eignarmiðlun talið almennt orð og aðeins var hægt að meina notkun annarra á því einu og sér, en ekki í samsettu orðasambandi sem auðkennir það frá Eignarmiðlun.

Heitin Múrbúðin og Gólflagnir eru skráð firmanöfn í fyrirtækjaskrá. Réttur Múrbúðarinnar til notkunar firmanafnsins er óumdeildur og verndaður af fyrri málslið 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Að mati Neytendastofu nær verndin til þess að önnur fyrirtæki noti ekki firmanafnið eitt og sér og er það í samræmi við úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2003 *Garðatorg, eignarmiðlun ehf. gegn samkeppnisráði*.

Neytendastofa telur að telja megi orðin múrbúð og gólflagnir til almennra orða. Múrbúð er samsett orð úr orðunum múr og búð. Búð er samheiti yfir orðið verslun og múr gefur til kynna hvers konar vörur eru í versluninni. Orðið gólflagnir er samheiti yfir gólfefni.

Almenn orð sem eru lýsandi fyrir vöru eða þjónustu geta keppinautar ekki útilokað aðra til að nota. Felast hagsmunir neytenda ekki í því að einn keppinautur hafi einkarétt á að nota slík orð. Orðin múrbúð og gólflagnir eru almenns eðlis og fela í sér lýsingu á þeirri starfsemi sem fram fer innan ákveðinna deilda Mest. Í heild sinni verður ekki talið að almenn ruglingshætta við Múrbúðina eða Gólflagnir sé fyrir hendi þar sem Mest notar orðin í samsettu orðasambandi við nafn sitt.

Samkvæmt upplýsingum af vefsvæði Mest er hvergi sjáanlegt að Mest notist við orðin múrbúð og gólflagnir. Ef hringt er í múrvörudeild Mest er svarað í símann múrverslun. Þá verður heldur ekki séð að Mest notist við orð þessi í símaskrá, hvorki á vefsvæðinu simaskra.is né símaskrá 2006. Ljóst er því að opinbera heitið á þeirri deild innan Mest sem selur múrvörur er Múrverslun.





Þá er heldur ekki að sjá að Mest noti orðið gólflagnir til auðkennis á starfsþætti sínum sem snýr að gólfefnum. Sá þáttur er innan múrverslunarinnar og er hvorki sérgreindur á heimasíðu Mest né í símaskrá 2006.

#### **IV. Ákvörðunarorð**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 3. nóvember 2006